

Bæjarvík ehf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 9. júlí 2019  
UST201901-290/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 22.05.2019, hjá Bæjarvík.**


Þann 22. maí sl. fór fram eftirlit í Bæjarvík, Gileyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Fimm ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og hefur rekstraraðili brugðist við fjórum þeirra. Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 2.6 og gr. 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það best í viðtaka og miða skal að lágmarki við eins þreps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennsli.
1. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólþ. Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennsli er ekki veitt nógu langt út.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. júlí, 2019.**

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Bæjarvík ehf - Strandeldi Gileyri



|                     |                           |                         |                          |
|---------------------|---------------------------|-------------------------|--------------------------|
| Dags eftirlits      | 22.5.2019                 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Hulda Soffía Jónasdóttir |
| Fyrirtæki           | Bæjarvík ehf - Strandeldi | Eftirlitsmaður          |                          |
| Heimili             | Miðtún 13                 | Tegund eftirlits        | Reglubundið              |
| Kennitala           | 530303-3060               | Flokkur                 | Fiskeldi                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Garðar Sigþórsson         | ÍSAT nr.                | 03.22.0                  |
| Fulltrúi fyrirtækis | Silja Baldvinsdóttir      | Staðsetning             |                          |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlitið er varðar hreinsun frárennslis og lögn frárennslislagna. Fimm ábendingar voru gerðar og hefur rekstraraðili brugðist við fjórum þeirra þann 9. júlí.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Gömul seiðaeldisstöð á Gileyri við Tálknafjörð með starfsleyfi til framleiðslu allt að 200 tonna sem gildir til 2.des. 2023. Verið er að byggja nýtt hús sem taka á við af eldri búnaði. Mikil óreiða er á svæðinu en hægt er að rekja það til framkvæmda. Ólíugeymir með vélaolíu er ekki með árekstrarvörn, en hefur einnig verið færður vegna framkvæmda.

Allt vatn sem tekið er inn í stöðina er geislað til varna sýkinga, bæði borholuvatn og sjór. Rennsli er samtals um 300 L/s. Nýrnaveiki sem hefur plagað stöðina hefur ekki verið til vandræða nýlega.

Til stendur að bæta við hreinsun á frárennslis og sækja um stækkað starfsleyfi innan skamms.

| Frávik frá   | Lýsing á fráviki  |
|--|---|
| Gr. 2.6 og gr. 3.1 í samræmdum starfsleyfiskilyrðum fyrir fiskeldi á landi | Frárennslis frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það best í viðtaka og miða skal að lágmarki við eins preps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennslis.  |
| 2. mgr. 9. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólpi                 | Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennslis er ekki veitt nógu langt út. |

## ÁBENDINGAR

Stofnunin bendir rekstraraðila á að reikna út losun fosfórs og köfnunarefnis á ársgrundvelli, per framleitt tonn af fiski, frá mælingum og vatnsnotkun eða útreikningum frá fóðri. Útreikningar hafa borist stofnuninni.

Eftirlitsaðili óskar eftir því að mælingar á lífrænu álagi ( $BOD_5$ , COD eða TOC) og svifögnum verði gerðar reglulega á bæði innrennslis- og frárennslisvatni, til ákvörðunar á losun eldisins, og niðurstöður sendar stofnuninni. Rekstraraðili hyggst mæla á 3 ára fresti.

Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að rekstraraðili gangi úr skugga um að árekstrarvarnir verði settar við olúgeymi þegar hann hefur verið færður þangað sem hann á að vera, sem og að hann uppfylli aðrar kröfur reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi á landi. Rekstraraðili hyggst setja upp árekstrarvarnir að loknum framkvæmdum á svæðinu.

Eftirlitsaðili óskar eftir uppfærslu áhættumats vegna bráðamengunar hafs og stranda, sem og neyðaráætlunar vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar.

Stofnunin bendir á að skv. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum skal eftirlitsaðili hafa aðgang að skráningum rekstraraðila. Stofnunin óskar því eftir að skráningar verði aðgengilegar í næstu eftirlitsheimsókn. Rekstraraðili hyggst

ganga úr skugga um að allar skráningar verði aðgengilegar í næsta eftirliti.

#### ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Ingibjörg Jóna Nóadóttir var einnig viðstödd eftirlitið.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 09.07.2019

*Hulda S. Jónasdóttir*

Hulda Soffía Jónasdóttir

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

|                          |                          |                         |                        |
|--------------------------|--------------------------|-------------------------|------------------------|
| Nafn rekstraraðila:      | Dags. eftirlits:         | Staðsetning stöðvar:    | Starfsleyfisflokkur:   |
| Bæjarvík ehf             | 22.5.19                  | Gileyri við Tálknafjörð | 4                      |
| Kennitala rekstraraðila: | Gildistími starfsleyfis: | Kvittun afhend:         | Gerð stöðvar:          |
| 530303-3060              | 02.12.23                 | Já                      | Seiðaeldi, að 200 tonn |

| Starfssemi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:   |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Er umfang í samræmi við starfsleyfi?  | X              |                         |            | Ársframleiðsla 2018 var um 800.000 110 g laxaseiði, eða um 90 tonn. Mest hefur verið farið upp í um milljón seiða. Lífmassaaukning á árinu var 115 tonn.  |
| Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?<br>Áætlaðar breytingar?   | X              |                         |            | Verið er að breyta húsnæði og byggja nýja og stærri stöð með nýjum dýpri ketjum og betri búnaði. Bæta á við hreinsun á frárennsli og stefnt er að því að sækja um 300 tonna starfsleyfi innan skamms.                   |
| Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).   | X              |                         |            | Daglegar skráningar eru í FishTalk. Afstöðumyndir og skráningar lágu ekki fyrir í eftirlitsheimsókn en hafa verið send eftirlitsaðila, sem og skráningar vegna sorphirðu Gámaþjónustu og móttöku Klofnings á dauðfiski. |
| Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?   |                |                         | X          | Á ekki við, en skráningar þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila skv. samræmdum starfsleyfisskýrðum fyrir fiskeldi á landi.  |
| Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?   |                |                         | X          | Á ekki við.   |
| Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og | X              |                         |            | Skoða þarf hvort viðbragðsáætlun þarfnist uppfærslu vegna leiðbeininga frá stofnuninni um tilkynningar um mengunaróhöpp og uppfæra áhættumat.   |

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

|  |   |   |   |  |
|--|---|---|---|--|
| Ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)        |   |   |   |  |
| Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?     |   |   | X | Á ekki við.  |
| Er trygging vegna bráðamengunar í gildi? | X |   |   | Í lagi.  |
| Er neyðaráætlun til staðar?              |   | X |   | Uppfæra þarf m.t.t. samnings vegna förgunar fisks ef til óvæntrar stöðvunar kemur. |

| Umhverfi  | Já /<br>Í lagi | Nei /<br>Ekki í<br>lagi | Á ekki við | Athugasemdir:   |
|---|----------------|-------------------------|------------|---|
| Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?   |                |                         | X          | Ekki er gerð krafa um umhverfismarkmið.   |
| Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?  | X              |                         |            | Fyrir minni seiði er reiknað skv. vaxtalíkani og sjálfvirkir fóðrarar.<br>Fóðri fyrir stærri seiði er blásið úr sílóum út frá reikningum fóðurtölvu.<br>Fylgst er með sjónrænt hvernig fiskur tekur.  |
| Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?<br>Mælingar eða útreikningar?<br>Síðustu mælingar?  | X              |                         |            | Mælingar hafa verið gerðar mánaðalega á fosfór í safnsýni affalla, seinasta mæling sem stofnuninni hefur borist er síðan í apríl 2019.<br>Útreikningar á losun frá fóðurnotkun gefa 8,3 kg/tonn fosfór og 45 kg/tonn köfnunarefni, gögn bárust 25.6.19. |
| Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslí? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslí? | X              |                         |            | Við eitt frárennslisrör var aðeins af fugli, en engin merki sáust um ofauðgun eða uppsöfnun við útrás. Engin merkjanleg lykt var eða eða fiskur sjáanlegur.   |
| Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í  |                | X                       |            | Enginn hreinsun er á frárennslí.  |

**Eftirlit með fiskeldisstöð  
Landeldi**

|  |   |  |   |   |
|--|---|--|---|---|
| frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþh.<br>Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.      |   |  |   | Ein útrás er frá hrognahúsi, önnur frá minni seiðakerjum og 6 rör frá 12 stærri kerjum.<br>Frárennslið rennur nokkra metra frá kerjum og beint út í sjó.<br>Frárennslislagnir eru ekki veittar út fyrir þau mörk sem reglugerð kveður á um. |
| Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).                     | X |  |   | Sjór nokkrum metrum frá kerjum.   |
| Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.  |   |  | X |   |
| Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?  | X |  |   | Klofningur tekur dauðfisk. Spilliefni eru geymd í læstri geymslu. Staðfesting á spilliefnamóttöku hefur ekki borist eftirlitsaðila 08.07.19.<br>Gámaþjónusta Vestfjarða tekur annan úrgang, bæði blönduðum og flokkuðum.                    |
| Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?  |   |  | X | Á ekki við.   |
| Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.  |   |  | X | Ekki er gerð krafa um skil í gildandi starfsleyfi. En skráningar á losun efna þurfa að vera aðgengilegar eftirlitsaðila.  |
| Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.                           |   |  | X | Á ekki við.   |
| Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?<br>Er það skv. starfsleyfi?<br>Hver sér um mælingarnar? | X |  |   | Mælingar hafa verið mánaðalegar, mælt hjá Sýni ehf.<br>Mælt verður framvegis árlega í maí og COD og svifagnir á sama tíma á þriggja ára fresti.   |

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Þrjú frávik komu fram við eftirlit er varða að engar mælingar höfðu verið gerðar á losun efna út í umhverfið, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun höfðu ekki verið sendar eftirlitsaðila né afrit af tryggingaskírteini v. bráðamengunar hafs- og stranda. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Landeldi**

|                   |   |
|-------------------|---|
| <b>Samantekt:</b> | <p>Gömul seiðaeldisstöð á Gileyri við Tálknafjörð. Verið er að byggja nýtt hús sem taka á við af eldri búnaði. Mikil óreiða er á svæðinu en hægt er að rekja það til framkvæmda. Olúgeymir með vélaöflu er ekki með árekstrarvörn, en hefur einnig verið færður vegna framkvæmda. Rekstraraðila er bent á að ganga úr skugga um að geymirinn uppfylli reglugerð 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðli hyggst setja upp árekstrarvörn að framkvæmdum loknum.</p> <p>Allt vatn sem tekið er inn í stöðina er geislað til varna sýkinga, bæði borholuvatn og sjór. Rennsli er samtals um 300 L/s. Nýrnaveiki sem hefur plagað stöðina hefur ekki verið til vandræða nýlega.</p> <p>Til stendur að bæta við hreinsun á frárennsli og sækja um stækkað starfsleyfi innan skamms.</p> |
| <b>Annað:</b>     | Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.  |

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir